



Björgvin Sigurgeir Haraldsson - Í geimnum, pastelmálverk, 1985.

# Róman- tísk æð

## Sýning Björgvins Sigurgeirs að Kjarvalsstöðum

Björgvin Sigurgeir Haraldsson er einn af mörgum hæfileikaríkum íslenskum listamönnum sem ekki ber hæfni sína á torg nema einu sinni á áratug. Hann hefur lagt fyrir sig skúlptúrgerð, sjá mikinn skúlptúr við Háaleitisbraut, málalist, auk þess sem hann skrifar eins og engill. Hvunn dagslega kennir hann fagurlistir við Myndlista- og handíðaskólann.

Nú heldur hann þriðju einkasýningu sína að Kjarvalsstöðum og er hún sérstök fyrir það að á henni eru einvörðungu pastelverk, eða pastelmálverk, eins og höfundur kys að nefna þau, 64 talsins.

Þetta er þriðja stórsýningin á pastelverkum með tiltölulega stuttu milli-bili, sem gæti bent til þess að þessi listmiðill sé nú í uppsveiflu hér á landi.

Það er fremur tvíráður listamaður sem birtist í þessum myndum. Ekki fer á milli mála að í Björgvini er góð og gild rómantísk æð sem kemur fram í innilegri viðræðu hans við náttúruöflin, síndurtekinni sundurgreiningu hans á því sem hann bæði sér, skynjar og geymir í minni: gróðursælli hvílt, fuglasöng og blænum í laufi.

Sjá myndheiti eins og „Þeyr“, „Hvirfill“, „Klósigar“, „Hafblik“ og „Flæsa“.

# VIKAN

FERSK – HRESS VIKA – VIKULEGA



## „Ég þekki gagnrýnina og kvíði henni ekki,“

segir Jón Hákon Magnússon í Vikuviðtalinu. Hann ræðir um uppstokkun í fjölmiðlunum hér á landi, nýafstaðinn leiðtogafund og eigin tilveru.

## „Sagan heitir Lifandi lík,“

– segir Gunnar Gunnarsson, rithöfundur og blaðamaður, í skemmtilegu spjalli um nýju framhaldssöguna sem hann skrifaði fyrir Vikuna.

„...aðalpersónan er blaðamaður, sem reyndar er hættur að vinna. Sem slíkur í sögunni kemur hann fram í fyrstu persónu. Konur gegna líka stóru hlutverki í sögunni.“



## Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson

stórmyndinni „Hnjúkaþeyr“ (nr. 4), verður úr mikils háttar voð þar sem allur flöturinn er virkur.

En til að hafa hemil á þessari hrifmiklu og oft ærslafullu túlkun hefur Björgvin komið sér upp réttstæði, nútíu gráða hornum, reglustikuðum línunum og hringjum. Raunar minnir hann mig eilítið á Snorra Svein Friðriksson að því leyti.

Þetta er auðvitað gott og blessað þar sem þessi aðkomni strúktúr, segjum hringurinn, kemur heim og saman við frumlag myndanna, ég tala nú ekki um þar sem hann getur um leið virkað sem tákn fyrir himintunglin, kannski almættið, eins og hann vissulega gerir í nokkrum myndum.

En allt of oft verður þessi strúktúr eins og hvert annað aðskotadýr sem ekki gerir annað en að draga kraft úr myndunum, færa náttúrulega tjáningu í spennitreyju.

## Hringir og strik

Í mörgum myndum sér maður Björgvin fara af stað með miklum bravúr og fá sveiflu út úr litunum. En svo bremsar hann sjálfan sig af með hringum og strikum sem komið er fyrir tvist og bast á fletinum.

Hrynjandin frýs í miðju kafi, sem gefur mörgum myndunum yfirbragð listrænnar ófullnægju.

Einhvern veginn þarf listamaðurinn að samræma hið rökræna og skynræna, hug og hjarta. Takist honum það er hann til alls vis.

Þessi sýning Björgvins sýnir annars mikla framför frá því 1975, þegar hann sýndi í Norræna húsinu, sérstaklega í beitingu lita.

En svo mikill er áhersluþunginn á köflum að listamaðurinn verður beinlínis harðhentur, sjá „Gnýfara“ (nr. 1), sem er allt að því samansúruð mynd.

Þrátt fyrir annmarka sína er frumlag Björgvins samt einlægara og metnaðarfullra en flest af því sem nú er til sýnis að Kjarvalsstöðum.



Sigurlaug Rósinkranz  
sópransöngkona  
heimsótt í  
Los Angeles

Vil – vil ekki. Ný bók eftir  
Gunnhildi Hrólfsdóttur í  
bókakynningarþætti  
Vikunnar.



Rómantík í  
Svartaskógi



Hótel á Íslandi.